

Ed.
um stálbræðslu.

1052. Frumvarp til laga

[314. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. maí.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gerast eignaraðili að Stálfélaginu hf. og að leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði stálbræðslunnar.

2. gr.

Í tengslum við aðild sína að hlutafélaginu er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram allt að 12 milljónum kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi og að taka lán í þessu skyni. Framangreind upphæð miðast við láns-
kjaravísitölu 1. apríl 1981 og breytist í samræmi við hana.
2. Að veita ríkisábyrgð fyrir lánunum eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð samtals 17.5 milljónum kr., eða jafnvirði þess í erlendri mynt, enda hafi verið tryggð öflun annars lánsfjár vegna stofn-
kostnaðar.
3. Að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til verksmiðjunnar. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til verk-
smiðjunnar.

Fjármálaráðherra fer með framkvæmd þessarar greinar.

3. gr.

Fulltrúa ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í hlutafélagi skv. 1. gr. skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu.

4. gr.

Hlutafélagið skal gera þær varúðarráðstafanir sem við verður komið til að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir og verksmiðjurekstur á þess vegum og fylgja í hvívetna lögum um náttúruvernd, mengunarvarnir, öryggi og hollustuhætti á vinnu-
stað svo og reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ekki er ríkisstjórninni heimilt að gerast eignaraðili að hlutafélaginu skv. 1. gr. né leggja fram fé ríkissjóðs sem hlutafé skv. 1. tölulið 2. gr. né veita ríkisábyrgð eða taka lán skv. 2. tölulið 2. gr. fyrr en tryggð hafa verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% hlutafjár, enda sé tryggður rekstrargrundvöllur fyrirtækisins með afurðaverði sem er sambærilegt heimsmarkaðsverði að álitni viðskiptaráðuneytisins.